



Landsmót hestamanna árið 2008. Mynd: Guðjón Emilsson.

Undirbúningur fyrir Landsmót gengur frábærlega

Landsmót hestamanna fer af stað á sunnudaginn 3. júlí á Rangárbökkum á Hellu og er þetta 24. Landsmótið í röðinni. Mikil eftirvænting hefur verið eftir mótinu enda það átti að vera á Hellu fyrir tveimur árum en var frestað vegna Covid-heimsfaraldursins.

„Undirbúningur gengur frábærlega og það er allt á góðu róli. Það er mikill gangur í miðasölunni og finnum við fyrir miklum áhuga frá samlöndum okkar og erlendis frá en við eigum von á mikið af erlendum gestum. Við höfum í nógu að snúast við að svara fyrirspurnum, t.d. varðandi gistingu. Það er gífurlegur áhugi á þessu

móti,“ segir Magnús Benediktsson, framkvæmdastjóri Landsmótsins.

Mótið hefst á forkeppni barna og unglinga á sunnudeginum ásamt dómum kynbótahrossa.

„Það eru gríðarlega sterk hross og knapar að koma inn á þetta mót og svakalegur styrkleiki á leiðinni. Þetta verður algjör veisla fyrir hestaunnendur. Við erum með hátt í 900 hross skráð til keppni,“ segir Magnús.

„Skemmtun á sterum“

Öll ættu að geta fundið sér eitthvað við sitt hæfi á Landsmóti, en þar má t.d. nefna fjölbreytta fjölskylduskemmtun á laugardegnum þar sem meðal annars

Ávaxtakarfan, BMX bros og Latibær láta sjá sig. „Á fimmtudeginum sjá Stefánía Svavars, Gunní Óla og Íris í Buttercup um að skemmta, á föstudeginum verða þau Páll Óskar, Regína Ósk og Helgi Björns og svo á laugardegnum verður ball með Pöpunum, þannig að þessi skemmtidagskrá verður á sterum,“ segir Magnús hress í bragði.

Einnig verður mjög fjölbreytt úrval af veitingum til sölu á svæðinu þannig að fólk ætti að eiga auðvelt með að seðja hungrið.

Við hvetjum öll til að gera sér ferð á Landsmótið og upplifa ógleymanlega stemningu. BRV

Ómar var valinn bestur af þeim bestu

Selfyssingurinn Ómar Ingi Magnússon kom sá og sigraði þegar valinn var leikmaður ársins í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta. Ómar fékk hvorki meira né minna en 65,26% atkvæði á meðan næstu menn á eftir honum voru með sitt hvor 10% atkvæða.

Ómar varð þýskur meistari með liði sínu SC Magdeburg fyrir í þessu mánuði. Hann var einnig næst markahæsti leikmaður deildarinnar. Hann var einni valinn í lið ársins, annað árið í röð, auk þess að vera valinn besti leikmaður maí-mánaðar.



Bíladella í blíðviðri

Bífreiðaklúbbur Suðurlands bauð til sannkallaðar bílaveislu í blíðskaparveðri á hinni árlegu Bíladellu klúbbsins í Sigtúnsgarði á Selfossi um liðna helgi. Á sýningunni bar að líta nýja sem og forna bíla ásamt mótórhjólum en í

heildina prýddu 126 bílar og 19 mótórhjól Sigtúnsgarðinn. Margt var um manninn enda hefur gestum þótt tilvalið að nýta góða veðrið í að ganga um bæinn og bera þessi fallegu ökutæki augum. HGL



Myndasýrpa á bls. 4

Mynd: Kjartan Björnsson.

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Komdu í kaffi og kíktu á sólpallinn!



Bókakaffið AUSTURVEGI 22, SELFÖSSI



ÚTSALA

GERIÐ FRÁBÆR KAUP

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

GILDIR EINNIG Í NETVERSLUN
OKKAR TISKUVERSLUN.IS
KÓÐINN ER ÚTSALA30



ATVINNA Í BOÐI

Þjónar / aðstoð í sal / eldhús

Hafid Blaa leitar að líflegu og skemmtilegu fólki.
Fólk á besta aldri hvatt til að sækja um.

Waiters / assistants

Hafid blaa is seeking to hire employees for
the restaurant Hafid Blaa.

Nánari upplýsingar veitir Hannes s: 892 0367
For more information contact Hannes s: 892 0367

Hafid Blaa útsýnis- og veitingastaður við ósa Ölfusár - Þorlaksöfn
S: 483 1000 - www.hafidblaa.is - hafidblaa@hafidblaa.is

Til leigu skrifstofuhúsnæði á besta stað á Selfossi

Húsnæðið er við Austurveg 10. Um er að ræða um 80 fm rými á jarðhæð ásamt óinnrétuðum kjallara með góðri lofthæð. Húsnæðið samanstendur núna af 2-3 skrifstofum og fundarherbergi auk kjallarans þar sem fyrirhugað er að koma upp aðstöðu fyrir starfsmenn. Jarðhæðin er innrétuð sem skrifstofuhúsnæði með glerveggjum en eigendur eru opnir fyrir ýmsum útfærslum hvað varðar breytingar eða endurinnréttingu húsnæðisins.

Næg bílastæði eru við húsið.

Húsnæðið er laust til leigu en eftir er að koma upp aðstöðu fyrir starfsmenn svo hægt sé að hefja starfssemi.

Áhugasamir hafi samband við Magnús Ólason, mako@simnet.is eða í síma 8919588.



Ákvörðunarfælni fulltrúa O-lista og Framsóknar

Það er okkur bæjarfulltrúum D-listans með öllu óskiljanlegt hvers vegna ekki er búið að upplýsa íbúa Hveragerðisbæjar um ákvörðun varðandi uppbyggingu Hamarshallarinnar, en á fundi bæjarstjórnar þann 7. júní (fyrir 3 vikum) var sagt að upplýsingar myndu liggja fyrir á næstu dögum og að þá yrði hægt að koma málinu áfram. Nú eru liðnir 47 dagar frá kjördegi og það virðist vera sem svo að enn sé verið að velta fyrir sér hver næstu skref eiga að vera. Það eru 78 dagar frá því að fulltrúar O-lista og Framsóknar lögðu fram verðhugmynd að köldu stálgrindarhúsi og bókun á fundi bæjarstjórnar að óabyrgt væri að taka ákvörðun um að endurreisa loftborna Hamarshöll að nýju og í kjölfarið fylgdu greinaskrif frá frambjóðendum þeirra sem lýstu því yfir að þau væru á móti loftborinni ípróttahöll. Vinna sérfræðinga Verkis var vefngd ásamt því að full- yrt var að ekkert samráð hefði verið við ípróttafélagið Hamar. Báðar fullyrðingar eru rög- burður. Skýrsla Verkis var unnin af fagmönnum, með menntun og margra áratuga reynslu af byggingum ípróttamannvirkja. Eins hafði verið samráð við aðal- stjórn Hamars um verkefnið frá því að Hamarshöllin féll þann 22. febrúar.

Tími er peningar

Ákvörðunarfælni og samráðs- leysi fulltrúa O-listans og Fram- sóknar hefur valdið því að mikil óvissa ríkir nú um ípróttastarf næsta hausts og það liggur ekki fyrir hvernig eigi að koma öllum ípróttageinum fyrir í inniað- stöðu. Það er ljóst að Ípróttahúsið við Skólamörk mun ekki anna þessum fjölda iðkenda þrátt fyrir velvilja starfsfólks og ípróttafélagsins Hamars. Fyrir utan að grunnskólinn hefur for- gang að ípróttahúsinu og hefur þegar tekið mikið af þeim tímum sem eru í boði. Þá erum við ekki farin að ræða um móta- hald sem gefur af sér að kepp- endur og gestir þeirra staldra hér við og njóta menningar, matar, hvílu og verslunar. Allt er þetta þáttur í uppbyggingu okkar hér í Hveragerði.

Loftborin Hamarshöll er enn skynsamasta leiðin

Afstaða fulltrúa D-listans er enn sú að loftborin ípróttahöll sé skynsamasta og hagkvæmasta leiðin. Sé tekið tillit til þess kostnaðarmats sem bygginga- verkfræðingur á vegum Sjó- vá lagði fram og þeirra fyrstu tölu tryggingabóta sem liggja fyrir sést að kostnaður Hvera- gerðisbæjar við að reisa nýja loftborna ípróttahöll gæti verið um 60.692.064 kr. Þessar vikur

Friðrik Sigur- björnsson

Bæjarfulltrúi
D- listans í
Hveragerði



Alda Pálsdóttir

Bæjarfulltrúi
D- listans í
Hveragerði



sem fulltrúar O-lista og Fram- sóknar hafa tafið uppbyggingu ípróttamannvirkja muna verða okkur dýrir og þá sérstaklega þegar höf er til iðkenda, þeirra sem eru ungir, fullir af orku og hafa ekki ípróttaaðstöðu innan bæjarfélagsins á komandi vetri. Þessu hefðu fulltrúar O-lista og Framsóknar geta afstýrt með því að ganga strax frá undirskrift samnings um kaup á nýjum dúk frá Duol, enda hafði tilboðið verið samþykkt og var pöntunin komin af stað. Við erum þess fullviss að vandinn liggja einmitt í því að loftborin Hamarshöll er skynsamasta leiðin fyrir okkur í Hveragerði, ákvörðun sem er tekin með tilliti til fjármagns (skattpeninga) og tíma en yrði um leið fyrsta svikna kosninga- loforð O-lista og Framsóknar til kjósenda sinna.

Fyrsta gleðistundin að Kvoslæk í sumar

Hjónin Rut Ingólfsdóttir og Björn Bjarnason hafa skipu- lagt metnaðarfulla dagskrá að Kvoslæk í sumar sem þau kalla Gleðistundir að Kvoslæk. Fyrsta gleðistundin var sl. Sunnudag. Það voru þau Margrét S. Stef- ánsdóttir sópransöngkona, Jón Bjarnason, dórmorganisti í Skál- holti, og Jóhann Ingvi Stefáns- son trompetleikari sem fluttu dagskrá er bar heitið Íslenskar söngperlur mæta barokki og rómantik.

Næsta gleðistund er laugar- daginn 16. júlí þegar Arndís S. Árnadóttir, listfræðingur, fjallar um Ámunda smíð, sem á 18. öld

smíðaði 22 kirkjur víða um land og ótal kirkjumuni sem enn má finna í kirkjum á Suðurlandi,

m.a. í Odda.

Fylgist með dagskránni að Kvoslæk í sumar.



Nú er opið á laugardögum

Við bætum þjónustuna á Selfossi með því að hafa opið á laugardögum milli klukkan 10:00 og 14:00.



FÓÐURBLANDAN

www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
Korngarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Dufpaksbraut 1
570 9850

**SENDUM UM
ALLT LAND**

LYSTIGARÐURINN Í HVERAGERÐI

Aut í Blóma

30. JÚNÍ - 3. JÚLÍ



**FÖSTUDAGURINN 1. JÚLÍ
- Í TJALDINU**

.....

17:00 REYKJAVÍKURDÆTUR

20:00 MAGNÚS OG JÓHANN ÁSAMT HLJÓMSVEIT

22:15 ALEXANDER MIKLI OG FÉLAGAR

LAUGARDAGUR 2. JÚLÍ

.....

DAGSKRÁ Í LYSTIGARÐINUM

13:00 BARNADAGSKRÁ

TÓNAFLJÓÐ · WALLY TRÚÐUR · ÍS FRÁ KJÖRÍS

15:00 SUÐURLANDSDJAZZ

.....

STÓRTÓNLEIKAR Í LYSTIGARÐINUM - FRÍTT INN

20:00, SVÆÐIÐ OPNAR 18:00

**STEBBI JAK · JÓN JÓNSSON · GUÐRÚN ÁRNÝ · JÓGVAN HANSEN
UNNUR BIRNA ÁSAMT LANDSLIÐI HLJÓÐFÆRALEIKARA**

23:00 DANSLEIKUR Í TJALDINU

**STEFÁN HILMARSSON · GUNNAR ÓLASON · ÞÓRIR GEIR
ÁSAMT SS KVARTETTINUM**

SUNNUDAGUR

19:30 GÓSS Í REYKJADALSSKÁLANUM



matkráin

Siminn

SportGættunum

REYKJADALUR

HÓTEL ORK

GRÖÐURHÚSID

KJÖRÍS

ÍSLENSKA GAMAFÉLAGIÐ

VALBORG

Bíladella í blíðviðri á Selfossi

Myndirnar tók Selfyssingurinn Kjartan Björnsson.



Útimessa í Arnarbæli í Ölfusi

Nk. sunnudag 3. júlí kl. 14 verður útiuguðspjónusta í Arnarbæli í Ölfusi.

Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsóknar leiðir söng, sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar. Að guðspjónustu lokinni verður boðið upp á kirkjukaffi í boði Kotstrandarsóknar og kirkjukórsins.

Arnarbæli er við Ölfusá, ekið er frá Þjóðvegi nr. 1 u.þ.b. 1 km austan við Kotstrandar-

kirkju um Arnarbælisveg nr. 375.

Kirkju er fyrst getið í Arnarbæli um 1200 og síðasta kirkja þar var ofan tekin 1909 þegar Arnarbælis- og Reykjasóknir voru sameinaðar og ný kirkja byggð á Kotströnd. Arnarbæli var prestssetur til 1942.

Ef veðrið bregst verður guðspjónustan í Kotstrandarkirkju.



Gísli Marteinn heimsækir Bókasafnið

Tinni og aðrar teiknimyndahetjur hafa verið áberandi á Bókasafninu í sumar enda Sumarlestur barnanna tileiknaðar þeim. Fjöldi barna hefur sótt sumarlestrarstundirnar í júní og nú bætist við sumarlestursstund fullorðinna. Það er enginn annar en Gísli Marteinn Baldursson okkar helsti sérfræðingur í Tinna og öllu sem honum tengist sem mætir

á Bókasafnið í dag, fimmtudaginn 30. júní, klukkan 18.00.

Að því loknu verður fjölmennt í Mjólkurbúið. Þar er fjöldi veitingastaða og í Risinu er að finna margvíslegar veigar við allra hæfi; Tinnakokteila, sóðavatn frá Akureyri sem aldrei svíkur og síðast en ekki síst 15 tegundir af vinskí til heiðurs Kolbeini kafti.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraey 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.

Blaðamaður: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglýsingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

SVANSMERK
Prentgripur
1041 0856

Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókauktgáfan HÓLAR

Sett var yfir hestsins hrygg, hún er oft á tíðum stýgg, þolfallsnafn á þessum manni, og þyrping húða er með sanni.

Svar við gátu í blaði 2654: **VÍSIR**
3. Dagblaðið **Vísir**
4. Berjavísir

???

SJÁUMST Á FIMMTUDÖGUM!

Við höfum flutt útgáfudag Dagskrárinnar aftur yfir á fimmtudaga!

Skilafrestur á auglýsingum og efni miðast við hádegi á þriðjudögum.

Sími 482 1944 // dfs@dfs.is // dfs.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Dragðu allt nema að tryggja þig

Með einfaldri kaskótryggingu dráttarvéla getur þú sinnt bústörfunum alveg áhyggjulaus. Hún hentar sérstaklega þeim sem þurfa ekki á hefðbundinni kaskótryggingu að halda og tryggir einnig fasttengd landbúnaðartæki óháð eignarhaldi.

Betri dráttarvélatrygging



VÍS



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Ertu í söluhugleiðingum?

- Frítt söluverðmat
- Persónuleg ráðgjöf
- Fagmennska í verki

Ólafur Ingi Guðmundsson
 stjórnsýslufræðingur
 löggiltur fasteignasali
 olafur@ibudaeignir.is
 sími: 847 7700

Ný störf auglýst í hverri viku!

»DFS.is **www.dfs.is/ atvinna/**
 FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

MEIRAPRÓF Fjarkennsla

Næsta námskeið hefst 14. júlí.

Næstu námskeið
 25. ágúst
 29. sept.
 3. nóv.

Veruleg kennsla í Reykjavík, Akureyri, Akranesi og á Sauðárkróki

Upplýsingar, verð og skráning inn á **www.aktu.is**

AKTÚ ÖKUSKÓLI
 Ökuskóli allra landsmanna

Með vængjabyt og söng

Næstu tónleikar tónlistarhátíðarinnar Englar og menn í Strandarkirkju verða sunnudaginn 3. júlí nk. kl. 14. Á tónleikunum koma fram tvær ungar vonarstjórnur, þær Bryndís Guðjónsdóttir og Vera Hjördís Matsdóttir. Með þeim leikur Ingunn Hildur Hauksdóttir á píanó og orgel. Yfirskrift tónleikanna er „Með vængjabyt og söng en á efnisskrá þeirra eru íslensk þjóðlög og sönglög eftir Þórarinn Jónsson, Pál Ísólsson, Jórinni Viðar, Gunnar Þórðarson og Tryggvi M. Baldvinsson ásamt verkum eftir Pergolesi, Orff, Grieg, Alyabyev, Delibes og Brahms. Aðgangseyrir er kr. 3.500. Tónlistarhátíðin er styrkt af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Tónlistarsjóði.

Um flytjendur:

Bryndís Guðjónsdóttir hlaut fyrsta sæti í Raccardo Zandonai keppninni á Garda árið 2021. Sama ár fór hún tvívegis með hlutverk Næturdröttningarinnarúr Töfraflautunni eftir Mozart í Reaktorhalle í München undir stjórn Waltraud Lechner og með Oper im Berg í Salzburg undir stjórn Stefano Seghedoni. Bryndís hefur komið víða að erlendis og innanlands hefur hún sungið einsöng með Sinfóníuhljómsveit Íslands, síðast á jólatónleikum þeirra árið 2021 og mun syngja í uppfærslu þeirra í Töfraflautunni árið 2023. Bryndís útskrifaðist með bakkalár- og meistaragráðu í Opera and Musical Theatre frá Mozarteum Tónlistarskólanum í Salzburg þar sem hún lærði hjá Michèle Crider, Gernot Sahler og Alexander von Pfeil. Þar áður hafði Bryndís lokið framhaldsprófi í söng árið 2015 hjá Önnu Júlíönu Stefánsdóttur og numið eitt ár við Listaháskóla Íslands hjá Þóru Einarssdóttur, Kristni Sigmundssyni og Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur. Hún var meðal sigurvegara keppningar Ungir einleikarar árið 2018 og bar sama ár sigur úr þitum í Duschek keppninni í Prag. Bryndís hefur hlotið styrki hérlendis frá Tónlistarsjóði Rótarý, Halldórs Hansen, Söngmenntasjóði



Vera Hjördís Matsdóttir, Ingunn Hildur Hauksdóttir, Bryndís Guðjónsdóttir

Marínós Péturssonar, Wagnerfélagi Íslands og Ingjaldssjóði. Árið 2022 söng Bryndís tvívegis Carmina Burana, í Stuttgart undir stjórn Heiko Mathias Förster í Liedhalle í Stuttgart með Prague Royal Philharmonic og í Norðurljósum í Hörpu undir stjórn Fjólu Kristínar Nikulásdóttur. Bryndís söng Stabat mater eftir Pergolesi og Nulla in Mundo RV 630 eftir Vivaldi í Litháen fyrir sumar.

Vera Hjördís Matsdóttir sópran söngkona leggur stund á nám í klassískum söng á meistarastigi við Konunglega tónlistarskólann í Den Haag í Hollandi. Kennarar hennar eru Frans Fiselier og Carolien Drewes. Vorið 2020, útskrifaðist Vera með Bmus gráðu í söng frá Listaháskóla Íslands. Kennarar hennar voru Hanna Dóra Sturludóttir, Kristinn Sigmundsson, Ólöf Kolbrún Harðardóttir og Þóra Einarssdóttir. Um vorið, það sama ár var Vera í hópi þeirra þriggja útskriftarnema sem hlutu viðurkenningu úr styrktarsjóði Halldórs Hansen. Veturinn 2016 – 2017 nam Vera söng hjá Hlín Pétursdóttur við Tónlistarskólann í Reykjavík, nú MÍT. Vera lauk framhaldsprófi frá Söngskólanum í Reykjavík undir leiðsögn Hörpu Harðardóttur vorið 2016. Vera söng með Hamrahliðarkórnum undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur samhliða skólagöngu sinni við Menntaskólann við Hamrahlið. Vera er alin upp í tónlistarstarfi Langholtskirkju og hefur sungið með öllum kórum kirkjunnar, lengst af undir stjórn Jóns Stefánssonar. Vera hefur sinnt ýmsum fjöl-

breyttum tónlistar tengdum verkefnum á Íslandi sem og erlendis. Til dæmis má nefna þátttöku hennar í uppfærslu á nýrri óperu, Hlaupa eftir Sigrúnu Gyðu Sveinsdóttur sem flutt var í Door creative studio í Amsterdam síðasta haust. Einnig fór Vera með eitt af fjórum hlutverkum í óperunni Korníð eftir Birgit Djupedal sem sýnd var á óperudögum árið 2018.

Ingunn Hildur Hauksdóttir píanoleikari er fædd í Reykjavík árið 1969. Hún stundaði nám hjá Kristínu Ólafsdóttur við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Ingunn lauk píano-kennara- og einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1993 og naut þar leiðsagnar Jónasar Ingimundarsonar. Ingunn sótti einkatíma um tveggja ára skeið í London hjá Roger Vignoles. Ingunn hefur sl. 20 ár tekin virkan þátt í íslensku tónlistarlífi, með áherslu á kammertónlist. Hún hefur gert upptökur fyrir útvarp og geisladiska og komið fram á tónleikum hérlendis og erlendis, oft með áherslu á kynningu og flutning íslenskrar tónlistar. Ingunn hefur leikið með ýmsum kammerhópum og m.a. flutt fyrir Kammermúsíklúbbinn píanokvintetta og sextetta eftir R. Vaughan Williams, J. N. Hummel, L. Farrenc, F. Schubert og F. Mendelssohn ásamt frumflutningi íslenskrar tónlistar fyrir tríó eftir Elínu Gunnlaugsdóttur og Báru Grímsdóttur. Ingunn kennir píanoleik við Tónlistarskóla Garðabæjar og starfar sem meðleikari við Menntaskóla í Tónlist.

Sveitarfélagið Árborg fær plöntu að gjöf

Sveitarfélagið Árborg fékk á dögunum fallegt reynitré (Kasmírreyni) að gjöf frá Orkusölunni en það er hluti af árlegu umhverfisverkefni fyrirtækisins.

Orkusalan gefur sveitarfélögum plöntu til gróðursetningar og á móti gróðursetja þau sama magni til kolefnisjöfnunar.

Það var Bragi Bjarnason, formaður bæjarráðs Árborgar sem tók á móti gjöfinni frá Heiðu Halldórsdóttur, markaðsstjóra Orkusölunnar. Trénu verður fundinn góð staðsetning í sveitarfélaginu og gróðursett á næstu dögum.





Vel launuð framleiðslu- störf á góðum vinnustað

Alcoa Fjarðaál leitar að jákvæðu og duglegu fólki í fjölbreytt framleiðslu-
störf í kerskála, skautsmiðju og steypuskála. Álverið á Reyðarfirði er meðal
þeirra fullkomnustu í heiminum og saman sköpum við útflutningsverðmæti
á öruggan og ábyrgan hátt. Um 360 framleiðslustarfsmenn eru kjarninn
í verðmætasköpun Fjarðaáls. Framleiðslustörfin eru að jafnaði unnin á
þrískiptum átta tíma vöktum.

Hvers vegna að vinna með okkur?

- 150 klukkustunda vinnuskylda á mánuði
- Vaktakerfi sem gefur góðar tekjur og góðan frítíma
- Ókeypis akstur til og frá vinnu og frítt fæði í frábæru mötuneyti
- Mikil áhersla á að tryggja öryggi og heilsu allra á vinnustaðnum
- Okkar eigin heilsugæsla og aðgangur að Velferðarþjónustu Heilsuverndar
- Samhent teymi ólíkra einstaklinga sem skila framúrskarandi árangri
- Sameiginlegur sáttmáli um góða vinnustaðarmenningu
- Metnaðarfull markmið í jafnréttismálum í samstarfi við Jafnréttisvísi
- Góð tækifæri til þjálfunar, menntunar og starfsþróunar
- Virkt umbótastarf þar sem áhersla er lögð á þátttöku starfsmanna
- Nálægð við náttúruna í fjölskylduvænu samfélagi á Austurlandi

Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri, tala íslensku, vera með gild
ökuréttindi og hreint sakavottorð. Umsóknir eru trúnaðarmál og þeim er öllum
svarað. Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020
eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um.

Frekari upplýsingar veitir mannauðsteymi Fjarðaáls í gegnum
netfangið starf@alcoa.com eða í síma 470 7700.

Hægt er að sækja um störfin á ráðningarvefnum okkar á alcoa.is.

13:15 - Ávaxtakarfan

Ávaxta
karfan



14:20 - Tónafljóð

Tónafljóð



13:50 - Klara Ósk



14:45 - Jói P & Króli

SIRKUS ÍSLANDS

FÁÐU GEFINS FUGLAHÚS TIL AÐ SMÍÐA
OG FALLEGT BLÓM Í POTTI ÚR
ENDURUNNU PLASTI FRÁ PLASTPLAN
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Kandífloss, bollakökur og pylsur

SAMAN Í
60 ÁR **BYKO**


Eva Ruza



Afmælishátíð í BYKO Selfossi laugardag, 2. júlí kl. 13-15

SAMAN Í 60 ÁR

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Fá grænfanann afhentan í sjötta sinn

Nú á dögnum fékk leikskólinn Strandheimar á Eyrarbakka og Stokkseyri Grænfanann afhentan í 6. sinn fyrir góða frammistöðu í menntun til sjálfbærrar þróunar og fyrir að leggja sitt af mörkum til þess að efla og bæta umhverfismál innan skólans og í nærsamfélaginu. Leikskólinn hefur tekið þátt í verkefninu Skóli á grænni grein frá árinu 2009, en það er stærsta umhverfismenntaverkefni í heimi og er haldið úti af samtökunum Foundation for Environmental Education og hefur Landvernd yfirumsjón með verkefninu hér á landi.

Skólar sem eru þátttakendur í verkefninu hérlandis skulu skila inn greinargerð til Landverndar á tveggja ára fresti sem inniheldur lýsingu á því hvernig unnið er að markmiðum í sjálfbærni menntun og umhverfismálum innan skólans. Landvernd metur svo hvort settum markmiðum hefur verið náð og veitir í framhaldi skólunum viðurkenningu í formi Grænfanans. Skólarnir fá þá leyfi til að flagga fánanum næstu tvö ár og fæst sú viðurkenning endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu

starfi. Grænfaninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða um heim sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum.

Leiðir að markmiðum

Liður í Grænfanaverkefninu er að velja sér þema til að vinna eftir og hefur leikskólinn síðustu misseri lagt áherslu á þemun áttthagar og vatn.

Af hverju áttthagar?

„Þekking á nærumhverfinu eykur virðingu fyrir því og hvetur til bættrar umgengni. Einstaklingar sem umgangast og þekkja náttúrulegt landslag í sinni heimabyggð eru líklegri til að taka afstöðu með náttúrunni og þannig stuðla að vernd hennar.“ - Landvernd

Af hverju vatn?

„Flest tökum við vatni sem sjálf-sögðum hlut og veltum lítið fyrir okkur þeim lífsgæðum sem felast í því að skrúfa frá krana og fá sér sopa af hreinu, ísköldu vatni. Á sama tíma er fólk annars staðar í heiminum sem þarf að ganga

langar leiðir til að sækja vatn til heimilisins, sem jafnvel er ekki hreint. Það er því afar brýnt að vinna með vatn og gera nemendum grein fyrir mikilvægi þess að fara vel með vatnsauðlindina.“ - Landvernd

Markmið Strandheima út frá ofan töldum þemum voru eftirfarandi á tímabilinu:

- Mikilvægi þess að spara vatnið eins og við getum
- Að þekkja vatnshringrásina
- Hvernig umgengni okkar við náttúru og umhverfi hefur áhrif á jörðina okkar
- Að nemendur fái að kynna nærsumhverfi leikskólans
- Að nemendur fræðist um fólk, staði og atburði sem tengjast þorpinu

Leiðirnar voru nokkrar til þess að uppfylla markmiðin en eitt af því var að fara í vettvangsferð um Eyrarbakka og skoða vatnsbrunnana sem þar eru til staðar og fræðast þannig um sögu þorpsins í leiðinni. Einnig voru gerðar ýmsar tilraunir með vatn og prufuðum við meðal annars að taka með



Nokkrir nemendur Strandheima stilla sér upp, ásamt Ósk Kristinsdóttur frá Landvernd og Birnu Guðrúnu Jónsdóttur leikskólustjóra, við afhendingu 6. Grænfanans á Vorhátíð Strandheima í Æskukoti á Stokkseyri.

okkur lítinn snjókarl inn í vetur til að athuga hvað gerist þegar snjór dvelur í hlýju umhverfi – og hvað haldið þið?! Eftir nokkrar klukkustundir flutu steinaaugu og gúl-rótarnef snjókarlsins í vatni. Fleiri tilraunir með vatn voru gerðar og nýttum við nánasta umhverfi óspart til gönguferða. Í leikskólanum er einnig reynt að sporna gegn matarsóun eftir fremsta megni og fá þakklátir hænubændur í þorpinu um afgang mat frá leikskólanum til að gefa hælum sínum og því fer sáralítið til spillis. Rusl er flokkað og farið er sparlega með pappír og annan efnivið. Matur er lagaður frá grunni og eins hafa verið gerðar tilraunir til ræktunar, nú síðast með eplafræjum.

6. Grænfanann á Vorhátíð leikskólans nú í júní. Birna Guðrún Jónsdóttir, leikskólustjóri, dró fánann að húni og sungu börnin Umhverfissáttmála Strandheima á meðan. Umhverfissáttmálinn hefur það að markmiði að börn, foreldrar og starfsfólk læri að vernda og bera virðingu fyrir heilsu sinni, náttúru og umhverfi, en leikskólinn er einnig Heilsuefandi leikskóli.

Leikskólinn Strandheimar vill nota tækifærið og óska öllum nærsveitum sínum heilsuríks sumars með von og hvatningu um að þið fáið notið og skapað góðar stundir úti í náttúrunni.

Flest það sem er gott fyrir okkur er gott fyrir umhverfið -

Afhending Grænfanans

Það fylgdi því mikil gleði þegar Ósk Kristinsdóttir, fulltrúi Landverndar, afhenti leikskólanum

Kærleikskveðja, nemendur og starfsfólk leikskólans Strandheima

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

UMFÍ

FJÓLSKYLDUHÁTÍÐ MEÐ FJÖLBREYTTUM ÍÞRÓTTAGREINUM
FYRIR 11-13 ÁRA. TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

**UNGLINGA
LANDSMÓT
UMFÍ**

**SELFOSS
29.-31. JÚLÍ**

ALLT UM
MÓTIÐ Á
ULM.IS

Starfsmenn óskast í mótuneyti Flóaskóla

Flóaskóli er staðsettur á Villingaholti í Flóahreppi, sem er í um 20 mínútna akstursfjarlægð frá Selfossi. Í skólanum eru 115 nemendur í 1. – 10. bekk og rúmlega 30 starfsmenn.

Auglýst er eftir matráð í 100% starf og aðstoðarmanni í mótuneyti 60% starf.

Menntun og hæfniskröfur

- Matreiðslumenntun og/eða menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Sveigjanleiki og geta til að vinna undir álagi
- Hæfni í samvinnu og mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og lausnamiðuð hugsun

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólustjóri í síma 771-8342.

Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí 2022, ráðið verður í störf frá 1. ágúst 2022. Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á netfangið: gunnlaug@floaskoli.is





blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Nýtt blað
á husa.isSkoðaðu
öll tilboðin

Sumarútsalan hefst á fimmtudaginn

ÚTSALA

Köttum niður verðið

Atvinna


Óska eftir dyravörðum/öryggisgæsla á Selfossi og Hveragerði

Vegna aukina verkefna vantar fólk í kvöld- og helgarvinnu.

Uppl. á uppognidur@uppognidur.is

»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



Leikskólinn Leikholt óskar eftir að ráða leikskólakennara í 100% stöðu. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt og leiða áfram gott faglegt starf í skólanum.

Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Góð íslensku kunnátta
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum.
- Góðir skipulagshæfileikar og stundvísi.
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti

Meginverkefni:

- Vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara að uppeldi og menntun leikskólabarna.

Í Leikholti eru 42 börn á aldrinum 1 árs til 6 ára. Í Leikholti vinna metnaðarfullir og faglegir starfsmenn og þar ríkir góður vinnuandi. Við leggjum áherslu á félagsfærni þjálfun, mikla málörvun, læsi og kennslu í gegnum leikinn. Leikholt er þátttakandi í vináttuverkefninu Barnaheilla og er umhverfisvænn leikskóli.

Einkunnarorð leikskólans eru: **Gleði, vinsemi og virðing**



Frekari upplýsingar veitir Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri, áhugasamir geta sent umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið leikholt@leikholt.is.

Starfið hentar öllum óháð kyni og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. **Umsóknarfrestur er til 12. júlí en æskilegt er að geta hafið störf 8. ágúst 2022.** Öllum umsóknum verður svarað eftir að umsóknarfrestur rennur út.

Leikskólinn Leikholt er staðsettur í Brautarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sem er um 20 mín akstur frá Selfossi.



Samfélag án fordóma

Ímyndunarafl. Manneskjan býr yfir þeim hæfileika að geta látið sig dreyma, séð fyrir sér hluti hvort sem þeir eru bundnir ótta eða von.

Ímyndum okkur samfélag án fordóma. Gæti reynst sumum erfitt þar sem þeir hafa jú fylgt mannkyninu svo lengi sem fólk man. En, prufið!

Fordómar eru í mörgum tilfellum byggðir á fáfræði og ráð við að takmarka þá og vonandi síðar meir, útrýma, er aukin fræðsla. Fræðsla sem leiðir af sér skilning og er í takt við tíðarandann. Fræðsla sem víkkar sjónvinkulinn og veitir fjölbreytileikanum aukið pláss.

Við þurfum ekki að ímynda okkur fjölbreytileikann því hann er staðreynd. Það er staðreynd að mótun einstaklingsins er bundin erfðum og umhverfi, sem gefur að skilja er jafn mismunandi eins og við erum mörg. Við á Íslandi búum við þau forréttindi að eiga öflugan heilsuvernd og öflugt skólakerfi sem

fylgir okkur fyrstu ár ævinnar og þar til við verðum að fullvaxta einstaklingum. Hvoru tveggja fylgir lögum sem hafa mótast út frá samfélagslegum gildum og eiga að vera leiðarvísir í þróun þess og tryggja að öll njótum við sömu réttinda. Viljum við fordómalaust samfélag þarf sú fræðsla að eiga sér stað frá upphafi, jafnvel áður en einstaklingurinn lítur dagsins ljós.

Fyrirbyggjandi aðgerðum gegn fordómum er hægt að finna fastan sess víða, t.d. hjá mæðravernd, í foreldrafræðslu, hjá dagforeldrum, í leik-, grunn- og framhaldsskólum, háskólum, íþrótt- og frístundastarfi, í fjölmiðlum og á vinnumarkaði. Séu aðgerðirnar sýnilegar og þeim framfylgt, geta þær borið árangur. Árangur sem smátt og smátt verður keðjuverkandi hringrás sem leiðir af sér fróðari þjóðfélagsþegna sem mæta fjölbreytileikanum með skilningi og af virðingu. Fordómafull hugsun lítur í lægra haldi og máltekið sem segir að ekki sé hægt að kenna gömlum hundi að sitja mun jafnvel heyra sögunni til.

Ég skrifa þetta því ég er döpur. Kveikjan var skotárásin sem átti sér stað í miðbæ Osíóar um helgina, þar sem vopnin beindust að fólki sem fagnaði

fjölbreytileikanum í tengslum við Pride hátíðina 2022. Fyrir um daginn hafði ég séð myndir frá gömlum vinnufélögum í leikskólanum sem ég vann í í Noregi, þar sem þau héldu Regnbogahátíð á lokadegi fyrir sumarlokun. Þar hefur mikil vinna átt sér stað er kemur að kynheilbrigði og réttindum barna út frá Barnasáttmálanum. Boðskapur leikskólans er að allir eiga rétt á að vera eins og þau eru, óháð uppruna, útliti, trúarbrögðum og tilfinningum og að hver og einn fái upplifað stolt tengt sínum eiginleikum. Boðskapurinn breiðist út. Foreldrar taka með sér hugarfarið til vana og ættinga, á vinnustaðinn. Börnin taka hann með sér út lífið. Náungakærleikurinn er áþrengjandi og því er sorgin við fréttir gærdagsins svo sterk.

Svo lengi sem þú særir ekki sjálfa/sjálfan/sjálft þig né aðra – njóttu þess að vera þú, hvernig sem þú velur að lifa lífinu.

Ég hvet þig til að líta í eigin barm – kanna hvort að innra með þér leynist fordómar og vona þá að þú finnur leið til að afla þér þekkingar til að sporna gegn þeim.

Gangi þér vel! <3

Tinna Björg Kristinsdóttir

Sumarleikur í Árborg

Sveitarfélagið Árborg í samstarfi við Heilsueflandi samfélag og Auðlindina ætlar að endurtaka leikinn sumarævintýri fjölskyldunnar frá því sumarið 2021 sem heppnaðist vel og var mjög vel sóttur. Um er að ræða útgáfu af ratleik þar sem gengið er á ákveðin stað og kvittað í gestabók sem um leið gefur möguleika á vinningum frá fyrirtækjum í heimabyggð.

Um er að ræða sex staði í sveitarfélaginu þar sem búið er að setja sérstaka póstkassa sem þarf að ganga að og merkja í gestabókina. Staðirnir eru við Grýlupottana, Hellisskóg, Hallskot og fuglafriðlandið, Ingólfsfjall, fjaran við Knarrarósvita og Silfurberg en nánari skýringar má finna inná heimasíðu Árborgararborg.is

borgararborg.is

Markmið verkefnisins er að hvetja fjölskyldur til útivistar í fallegu náttúrunni okkar, kynna nærumhverfi sínu betur, uppgötva staði sem Sveitarfélagið hefur upp á að bjóða, skapa samverutíma saman og eignast skemmtilegar minningar saman.

Verkefnið er sett upp af Dýönu Gestsdóttur, lýðheilsu- og forvarnarfulltrúa hjá Sveitarfélaginu Árborg en hún sér um verkefni tengd heilsueflandi samfélagi fyrir alla aldurshópa í Sveitarfélaginu. Auðlindin sem er skapandi atvinnu- og virkni-laun á vegum Sveitarfélagsins sá svo um að gera alla póstkassana fína og koma þeim fyrir á sínum stað.



Helstu verkefni lögreglunnar

Fjórir ökomenn voru stöðvaðir á Suðurlandi vegna gruns um að þeir væru að aka ölvaðir. Einn þeirra á Höfn en hinir í Árnessýslu. Einn þeirra endaði akstur sinn úti í móa skammt frá Grímsborgum en án alvarlegra meiðsla þó. Aðrir 2 voru stöðvaðir vegna gruns um að þeir væru undir áhrifum fíkniefna eða lyfja við aksturinn.

27 voru kærðir fyrir að aka of hratt í umdæminu í liðinni viku. 2 þeirra í V. Skaftafellssýslu, 4 í Sveitarfélaginu Hornafriði, 8 í Rangárþingi og 13 í Árnessýslu.

Tvö heimilisofbeldismál komu upp um liðna helgi, annað í Rangárþingi en hitt í Árnessýslu og var sitthvorum aðilinum brottvísað af heimilunum og sæta nú nálgunarbanni.

Þann 26. júní kom í ljós að brotist hafði verið inn í s.k. „Fjölmíðlagám“ á íþróttsvæðinu við Engjaveg á Selfossi. Viðkomandi virðist hafa reynt að bera eld að innanstokksmunum þar. Við biðjum þá sem mögulega hafa upplýsingar um þetta að hafa samband við lögreglu.

Karlmaður var handtekinn á aðfaranótt 26. júní s.l. á Eyra-

bakka grunaður um líkamsárás á annan en báðir voru gestir á veitingastað þar. Hann svaf úr sér í klefa um nóttina og var yfirheyrður um málsatvik daginn eftir. Beðið er niðurstaðna um alvarleika áverka þess er fyrir árásinni mun hafa orðið.

Tilkynnt var um nytjastuld á bifreið á Selfossi þann 25. júní. Bifreiðin fannst sama dag í Reykjavík og var þar handtekið þar grunað um nytjastuldinn. Þau flutt á Selfoss og vistuð þar og yfirheyrð daginn eftir handtöku enda óviðræðuhæf vegna vímu þegar þau voru handtekin. Eitthvað tjón er á bifreiðinni.



Við leitum að meiraprófsbílstjóra

Eimskip leitar að ábyrgum meiraprófsbílstjóra til starfa á starfsstöð félagsins á Selfossi. Reglubundinn vinnutími er frá kl. 08:00 til 17:00 alla virka daga en æskilegt er að viðkomandi sé reiðubúinn að vinna lengur þegar þörf er á.

- Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Akstur flutningabíla, lestun og losun
 - Samskipti við viðskiptavinum
 - Önnur tilfallandi verkefni
- Hæfniskröfur:**
- Meirapróf (C) er skilyrði
 - Framúrskarandi þjónustulund og jákvæðni
 - Hæfni í mannlegum samskiptum
 - Almenn hreysti

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helgi Sigurður Haraldsson, svæðisstjóri Eimskips á Selfossi í gegnum netfangið hhlh@eimskip.com.

Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum vefsíðu Eimskips, www.eimskip.is

Hreint sakavottorð og 18 ára aldur er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí 2022.

Lokun vegna sumarleyfa



Skrifstofa FOSS lokar vegna sumarleyfa 11. júlí til og með 1. ágúst.

Skrifstofan opnar aftur 2. ágúst kl. 9.

Við minnum félagsmenn, sem eiga eftir að versla Útilegukortið og Veiðikortið, að koma til okkar á skrifstofuna fyrir sumarlokun.

Starfsfólk FOSS

Þjónustumiðstöðin

Hraunborgum óskar eftir starfsmanni í þrif og aðstoð við afgreiðslu. Um er að ræða hlutastarf og í verktöku. Borgum vel fyrir rétta starfsmanninn.

Upplýsingar í síma 8630097 eða hraunborgir69@gmail.com



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL
í Grænumörk, Selfossi.
Sími 894 4107.

Skrifstofa félagsins er
lokuð í sumar frá 1. júní til
1. sept. 2022.

Sími formanns er 698 3110.
Sími gjaldkera er 894 9465.

GOLFÆFINGAR

á Svarfhólsvelli þriðjudags-
og fimmtudagsmorgna

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
 S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta

**KRANAVINNA
GRÖFUVINNA**
25 ÁRA REYNSLA

Díddi S. 861 4966



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

Elsta tónlistarhátíð á Íslandi



Sumartónleikar í Skálholti
verða haldnir 1.-10. júlí nk.
Sumartónleikarnir hafa verið
starfandi frá árinu 1975 og
hafa staðið fyrir tónleikahaldi í
Skálholtskirkju á hverju sumri.
Hátíðin er sú elsta og jafnframt
stærsta sinnar tegundar á landinu
og er einn stærsti menningar-
viðburður sem fram fer á
Suðurlandi yfir sumartímann,

KIRKJUR

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 2. júlí.
Bíblíulexíur kl. 11 og guðs-
þjónusta kl. 12. Verið velkomin.

Selfosskirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 3.
júlí kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur,
prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Stokkseyarkirkja
Messa í tengslum við Bryggju-
hátíðina á bryggjunni kl. 14:00.
Kirkjukórinn leiðir söng, organisti
Haukur Arnarr Gíslason, prestur
Guðbjörg Arnardóttir.

Arnarbæli
Útiguðsþjónusta kl. 14. Ef veðrið
bregst verður guðsþjónustan í
Kotstrandarkirkju. Prestur sr.
Ninna Sif Svavarsdóttir, Kirkju-
kór Hveragerðis- og Kot-
strandarsókna leiðir söng,
organisti Ester Ólafsdóttir.
Kirkjukaffi að guðsþjónustu
lokinni.

TIL LEIGU

Góð íbúð til leigu
Til leigu er góð 3ja herbergja íbúð
á Selfossi, á besta stað
miðsvæðis, nærri skólum. Er laus
í dag. Uppl. í síma 864 1275.

BÍLAR

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

ásamt því að vera elsta barokk-
hátíð á norðurlöndunum. Á
hverju sumri sækja á þriðja
þúsund manns Sumartónleikana.

Eitt helsta markmið Sumar-
tónleika í Skálholti er að stuðla
að nýsköpun íslenskrar tónlistar.
Tónverkin sem frumflutt hafa
verið á hátíðinni nálgast 200, og
hafa flest helstu tónskáld Íslands
komið þar við sögu. Margir af
þekktustu tónlistarflytjendum
þjóðarinnar hafa einnig komið
að starfi Sumartónleikanna á
starfsferli sínum, og fjölmargir
virtir erlendir flytjendur hafa
sótt Sumartónleika heim.
Hátíðin hefur skapað sér sess
sem mikilvæg tónlistarhátíð
langt út fyrir landsteinana, sér-
staklega hvað varðar flutning á
tónlist 17. og 18. aldar.

Meðal markmiða Sumartón-
leikanna er að vera vettvangur
fyrir hljóðfæraleik á uppruna-
leg hljóðfæri og er Bachsveitin
í Skálholti meðal hópa sem hafa
skipað fastan sess í tónleika-
haldi Sumartónleikanna.

Vettvangur fyrir unga fólk

„Við reynum alltaf að bjóða
upp á viðburði sem höfða til
fjölskyldna og viljum hvetja
ungt fólk áfram og gefa því
pláss á þessum vettvangi. Við
leggjum upp með að blanda
saman tónlist fyrir alla en
áhersla er lögð á Barokk og
nýja tónlist,“ segir Ásbjörg
Jónsdóttir, framkvæmdastjóri
Sumartónleika í Skálholti
sem sinnir listrænni stjórn
Sumartónleikanna ásamt
Ragnheiði Erlu Björnsdóttur.

Framundan er mikil tónlistar-
veisla fyrir unga sem aldna og
ættu allir að geta fundið eitthvað
við sitt hæfi.

„Það myndast alltaf svo mikil
stemning í kringum þessa hátíð,
fólk kemur og gistir, sátið í
kirkjunni og það er svo mikið líf
í Skálholti á meðan á hátíðinni
stendur. Vegna fjarlægðar frá
borginni kemur mikið af fólkinu
og dvelur á staðnum sem gefur
Sumartónleikunum ákveðna sér-
stöðu miðað við aðrar hátíðir,“
segir Ásbjörg að lokum.

Hér á eftir er stiklað á stóru
um dagskrá Sumartónleikanna
en ítarlegri lýsingu á við-
burðum má finna á vefslóðinni
sumartónleikar.is.

Dagskrá

30. júní kl. 20:00 verða 9 verk
nemenda úr tónsmíðadeild LHÍ
frumflutt á upphafstónleikum
hátíðarinnar af Hönnu Dóru
Sturludóttur, Bergþóru Lindu

Ægisdóttur og Jóni Bjarnasyni.

1. júlí kl. 20:00 flytur norska
tréblásturstríóið Taffelpikene
nýja tónlist eftir eftirtektarverð
norsk tónskáld.

2. júlí kl. 13:00 standa
Taffelpikene og leikkonan
Ingunn Lára Kristjánsdóttir fyrir
upplifunarleikhúsi fyrir alla fjöl-
skylduna.

Kl. 15:00 mun Sigurður
Halldórsson leika tónverk frá
síðari hluta 20. aldar á barokk-
selló.

3. júlí kl. 11:00 mun
Sólrún Franzdóttir Wechner
semballeikari spila til heiðurs
Helgu Ingólfsdóttur sem
hefði orðið átræð á árinu.
Helga var stofnandi Sumar-
tónleika í Skálholti. **Kl. 14:00**
leika Sólrún, Anna Kaiser og
Johannes Berger tónlist eftir
tónskáldið Geminiani.

Kl. 16:00 mun Vinakvartett-
inn stíga á stokk og flytja
íslensk samtímaverk í hlýjum
samhljómi án hljóðfæraleiks.

6. júlí kl. 17:00 ætlar sviðs-
listahópurinn Trigger Warning
að bjóða upp á vinnustofuna
BRUM þar sem fjölskyldum
gefist kostur á að skapa tónlist
innblásna af náttúrunni.
Farið verður út í náttúruna
á hljóðveiðar og til að afla
efniviðar í hljóðfæri. Í lokin
gera krakkarnir tilraunir til að
leika á hljóðfærin eftir eigin
tónsmíðum.

7. júlí kl. 20:00 flytur
tónlistarhópurinn Umbra kirkju-
lega tónlist frá Íslandi, Skandi-
navíu og meginlandi Evrópu.

8. júlí kl. 20:00 munu
stóllurnar úr Dúplum dúó leika
brothætta, ljóðræna og hráa
tónlist þar sem eingöngu verður
notast við söng og víóluleik.

9. júlí kl. 14:00 flytur
Amaconsort fáein útvalin verk
úr fjölbreyttri tónlistarflöru
Englendinga á sautjándu öld.

Kl. 15:15 mun Berglind
María Tómasdóttir, flautuleikari
og tónskáld segja frá verkum
sínum. **Kl. 16:00** munu Berglind
og John McCowen meðal annars
flytja verk af plötunni
Ethereality sem hlaut íslensku
tónlistarverðlaunin 2021 í flokki
sígildrar og samtímatónlistar.

10. júlí kl. 11:00 syngur
söngkonan Hildigunnur Einars-
dóttir í messu.

Kl. 15:15 segir Hróðmar
Ingi Sigurbjörnsson, staðartóns-
káld frá verki sínu Skálholts-
messu, sem flutt verður á loka-
tónleikum hátíðarinnar, sjálfri
Skálholtsmessunni **kl. 16:00.**

HGL

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Ný dagsetning hjá KIA gullhringnum



Mynd: KIA gullhringurinn/Mummi Lu

Eigendur og stjórnendur Kia Gullhringsins hafa ákveðið í samráði við helstu samstarfsaðila að færa mótið til laugardagsins 10. september.

Helsta ástæðan er dræm skráning en mörg af stærstu hjólreiðamótum og almenn-

ings íþrótta mótum landsins hafa staðið frammi fyrir minni skráningum er síðustu ár. Rúmlega helmingur hreyfiglaðra Íslendinga eru staddir erlendis og hinn jafnvel að sinna hlutum sem ekki hefur verið hægt að gera síðustu tvö sumur.

Allir hjóla, allir vinna og allir velkomnir.

KIA gullhringurinn er umfangsmesta og vinsælasta hjólreiðakeppni landsins. KIA gullhringurinn var fyrst haldin árið 2012 og hefur verið haldin árlega síðan.

Önnur umferðin í Íslandsmeistaramótinu í motocross

Önnur umferðin í Íslandsmeistaramótinu motocrossi fór fram um helgina. Mótið var haldið á vegum VÍFA upp á Akranesi laugardaginn 25. júní. Rúmlega 80 keppendur voru skráðir til leiks. Félagsmenn og iðkenndur UMFS á Selfossi enduðu á palli í nokkrum flokkum. Eric Máni Guðmundsson sigraði unglingaflokkinn, Alexander Adam Kuc endaði í þriðja sæti í flokknum MX2, Ragnheiður Brynjólfssdóttir endaði í öðru sæti í kvenna 30+, Ásta Petrea Hannesdóttir endaði í fjórða sæti í kvenna flokk og Ólafur Magni Jónsson endaði í öðru sæti í MX2 hobbý. Þriðja umferð í Íslandsmeistaramót-

inu í motocrossi fer svo fram á svæði KKA á Akureyri laugardaginn 9. júlí næstkomandi.

Myndirnar tók Sverrir Jónsson Fréttatilkynning frá UMFS



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

1. Deiliskipulag - Austurvegur 67

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 22. júní 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina Austurvegur 67, á Selfossi. Staðsetning lóðarinnar er við gatnamót Laugardælavegar og Austurvegar, austast á Selfossi og er stærð lóðar um 25.000 m². Svæði deiliskipulags afmarkast af Laugardælavegi í austri Austurvegi í suðri en að öðru leyti að lóð Mjólkursamsölunnar að Austurvegi 65. Aðkoma að svæðinu er um Laugardælaveg með tveimur tengingum. Austurhluti svæðisins er skermað af með jarðvegsmönnum og trjáröðum, auk þess er það afgirt. Tildrög deiliskipulags eru fram kominn vegna ört stækkandi byggðar Sveitarfélagsins Árborgar og vegna óhentugar staðsetningar á núverandi hitaveitudælustöð, og hafa Selfossveitur ákveðið að hefja vinnu við að koma fyrir nýrri dælustöð fyrir hitaveitu á núverandi lóð Selfossveitna að Austurvegi 67 á Selfossi. Mun dælustöð þessi þjóna sem aðaldælustöð veitunnar ásamt því að fyrirhugað er að koma stjórnstöð Selfossveitna fyrir í sama húsnæði. Höfuðmarkmið deiliskipulagstillögunnar er að auka svigrúm uppbyggingar á lóð Selfossveitna til að auka afkastagetu og rekstraröryggi afhendingar á heitu vatni. Þá gerir tillagan ráð fyrir 4 byggingarreitum sem munu þjóna framkvæmda- og veitusviði, skipulags- og byggingardeild, ásamt þjónustumiðstöð Árborgar.

2. Deiliskipulag - Eyði-Sandvík (Beykiskógar)

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 22. júní 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir landspilduna Eyði-Sandvík Land 1. L203553, í Árborg. Tillagan tekur til rúmlega 9 ha lands og er gert ráð fyrir heimild til byggingar íbúðarhúss og bílskúrs allt að 400m² og gestahúsi allt að 80 m², með mænishæð húsa allt að 5,5m. Þá verður heimilt að reisa útihús/skemmu allt að 600m², með mænishæð allt að 8,0m. Aðkoma að landspildunni er af Votmúlavegi nr. 310 og um nýja heimreið austan við Eyði-Sandvík. Tillagan gerði ráð fyrir að heiti deiliskipulagssvæðis verði framvegis Beykiskógar. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Árborgar 2010-2030 og einnig endurskoðað aðalskipulag Árborgar 2020-2036, sem er á lokavinnslustigi skipulagsferlis.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 29. júní 2022 til og með 10. ágúst 2022. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 10. ágúst 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæraneleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi Árborgar

Gjöf frá foreldrafélagi Flóaskóla

Miðvikudaginn 25. maí 2022 afhenti foreldrafélag Flóaskóla nýjar útiðunarvörur til skólans sem nýttast munu við útikennslu. Vörurnar voru stór Lodge pottur, loklyfta, lokstandur og poki til að geyma pottinn í. Standinn til að hengja pottinn á setti Rúnar Már Geirsson í Ástúni saman og gaf hann vinnu sína og efni.

Síðasta haust varð Flóaskóli Grænánaskóli og því þótti foreldrum/forráðamönnum á aðalfundi féagsins (haldinn í september) tilvalið að færa skólanum þessar vörur að gjöf til að styrkja og efla útikennslu. Búið er að útbúa skemmtilegt



Gunnlaug Hartmannsdóttir skólastjóri l.v., Anný og Ósk frá foreldrafélaginu t.h. ásamt hluta af nemendum úr 2., 4. og 6. bekk Flóaskóla gleðjast yfir nýju útiðunarvörum sem eiga eflaust eftir að koma að góðum notum.

útsvæði rétt við Þjórsárver þar sem hægt er að kveikja opinn eld og sitja á trébekkjum þar

í kring. Þar munu þessar nýju útiðunarvörur nýttast vel.

Afsteypa af Afrekshuga Nínu Sæmundsson tilbúin

23. júní var stór dagur í sögu Afrekshuga þegar formaður félagsins, Friðrik Erlingsson, gekk til fundar við fullskapaða afsteypu af þessu fræga og fagra verki Nínu Sæmundsson, á verkstæði Skulpturstöðberiet í Svendborg á Fjóni. Þau eru sannkallaðir listamenn, handverksfólkið hans Jörn Svendsen á Skulpturstöðberiet, enda er bronsafsteypugerð flókið og margþætt verk og vandað verklag ekki á hvers manns færi.



Friðrik Erlingsson og Afrekshugi

Fyrir tilstilli þessa verks komst hún inn í undirbúningsnám fyrir Listaakademiuna í Kaupmannahöfn. Afsteypa Afrekshuga í Svendborg lokar því fagurlega hringnum í sögu Nínu.

Nú tekur við undirbúningur



Brjóstmynd af barni, fyrsti skulptúr Nínu Sæmundsson, gerður í Svendborg 1915

að gerð stöpsuls og stéttar á miðbæjartúninu á Hvolsvelli. Þegar stöpullinn er tilbúin kemur stytta loks heim. Og þá verður áreiðanlega óhætt að halda svolitla hátíð.

Merkileg tilviljun

Að stytta hafi verið steypt í Svendborg er merkileg tilviljun því í bókinni um Nínu, eftir Hrafnhildi Schram, segir að Nína hafi verið hjá vinkonu sinni í Svendborg og gert þar fyrsta skulptúrverk sitt, sem var brjóstmynd af litlu barni.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþjónustur - Almennar raflagnir

ÁRBORG TAXI
482 1333
arborgtaxi@gmail.com

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Viltu vekja athygli á Suðurlandi?
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Jiibbií
Siggaferrir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

BRACAF VINÁTTU!
Fæst hjá **BYKO** Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

Rétting og málun
Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Hannaðu það sjálfur!
honnun.prentmetoddi.is
Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort, dagatöl** og **myndabækur**
SENDUM HVERT Á LAND SEM ER
prentmetoddi
heildarlausnir í prentun

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala Rennismíði Innréttingar Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD
Útfaraþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyirn.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is